

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Kaldárselsveg, lóð Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, Hvaleyrvatn og Höfðar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 2. maí 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, Hvaleyrvatn og Höfðar þar sem m.a. lóð ræktunarstöðvarinnar er stækkuð, gerðar eru breytingar á byggingarreitum og þeim fjölgað.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar, 21. maí 2019,

Berglind Guðmundsdóttir skipulagsfulltrúi/landslagsarkitekt.